

61

19. júní

L Ö G

um breyting á lögum um dýralækna, nr. 61 3. nóv. 1915.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr. í lögum nr. 61 3. nóv. 1915 orðist svo:

Dýralæknar skulu fimm, tveir í Sunnlendingafjórðungi, þriðji í Vestfirðinga-fjórðungi, fjórði í Norðlendingafjórðungi, fimmti í Austfirðingafjórðungi. Atvinnumálaráðuneytið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Þorsteinn Briem.

62

19. júní

L Ö G

um breyting á og viðauka við lög nr. 44 19. maí 1930, um refaveiðar og refarækt.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað orðsins „refarækt“ í fyrirsögn laganna og í fyrirsögn II. kafla þeirra komi: loðdýrarækt.

2. gr.

13. gr. laganna orðist þannig:

Hver sá, er ætlar að setja á stofn refaræktarþú eða annað loðdýraræktar-

bú, eða stunda refaeldi eða eldi annara loðdýra, hvort heldur til skinnaframleiðslu eða til sölu á lifandi dýrum, þarf til þess leyfi sýslunefndar. Það telst loðdýraræktarbú, þar sem refir eða önnur loðdýr eru alin árlangt, en refaeldi eða loðdýraeldi, þar sem refir eða önnur loðdýr eru alin skemmri tíma, hvort sem fleiri eru eða færri.

3. gr.

14. gr. laganna orðist þannig:

Bannað er að geyma refi eða önnur loðdýr, sem að dómi atvinnumálaráðherra gætu orðið skaðleg ef þau sleppa úr haldi, öðruvisi en í fulltryggu-gum girðingum eða annari öruggri vörzlu. Nú sleppur slíkt dýr úr vörzlu og næst ekki. Skal þá eigandi sæta að minnsta kosti 200 kr. sekt fyrir hvert dýr, sem sleppur.

4. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um öryggi refagirðinga og annara loðdýragirðinga, geymslu og flutning dýranna og um lækni-seftirlit með loðdýraræktarbúum. Hreppstjórar í sveitum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu hafa sérstakt eftirlit með því, að geymsla refa og annara loðdýra sé svo örugg sem reglugerð ákveður.

5. gr.

Aftan við 16. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Ráðherra getur sett tilsvarendi reglur og segir í þessari grein um útflutning annara loðdýra, eftir því sem ástæða kann að þykja til.

6. gr.

Í stað orðanna „refaræktarbú og annað refaeldi“ í 17. gr. laganna komi: loðdýraræktarbú og annað loðdýraeldi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa verið staðfest, skal fella texta þeirra inn í lög nr. 44 1930 og gefa þau út svo breytt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Dorsteinn Briem.